

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 194/2018

2021/EES/15/22

frá 21. september 2018

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/661 frá 26. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2017/750 um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins að því er varðar rýmkun ákvörðunarinnar þannig að hún taki til samhæfðra tíðnisviða 1427-1452 MHz og 1492-1517 MHz ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 5czk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 D 0661:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/661 frá 26. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 127).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/661, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 127.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.